



Varðandi: Orkuveita Reykjavíkur - verðmat

Málsnúmer: 1603106

Dagsetning: 1. nóvember 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að verða við ósk Borgarbyggðar um stofnun rýnihóps til að endurskoða verðmat Orkuveitu Reykjavíkur.

GREINARGERÐ:

Vísað er til erindis Borgarbyggðar dags. 26. október 2016 varðandi verðmat á Orkuveitu Reykjavíkur þar sem lagt er til „...að eignaraðilar hefji vinnu við verðmat á Orkuveitu Reykjavíkur.“

Verkefnið felst í því að eigendur rýni fyrirbyggjandi verðmat á félaginu og skipi rýnihóp til verksins eins og gert var þegar aðgerðaáætlun félagsins var rýnd 2011, tillögur að uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur voru rýndar 2013 og tillögur að arðgreiðsluskilyrðum voru rýndar 2015.

Fyrir liggur verðmat á félaginu í formi bókfærðs eigin fjár samkvæmt ársreikningi 2015 og árshlutareikningi janúar - júní 2016 og óformlegt verðmat á grunni sjóðstreymisgreiningar en þessar aðferðir teljast hefðbundnar þegar um er að ræða félag af þeirri stærð og gerð sem hér um ræðir.

Mælt er með að orðið verði við þessari ósk Borgarbyggðar.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.


Regína Ásvaldsdóttir
bærarstjóri